

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útflutningsgjald af heilagfiski, er veiðist utan landhelgi. — Eptir móttöku brjefs yðar, herra landshöfðingi, dagsetts 27. marz þ. á., sbr. brjef hjeðan frá 15. jan. s. á., viðvíkjandi fyrirspurn frá »Dansk Damp Trawling Aktieselskab Dan« um rjett hinna íslenzku yfirvalda til að heimta toll af heilagfiski, sem veitt er fyrir utan landhelgi við Ísland, og síðan er skipað úti flutningaskip í landhelgi, án þess að það sje áður flutt í land, hefi jeg í dag skrifað nefndu fjelagi, að jeg verði að álíta, að hið umrædda gjald sje rjettilega heimt, með því að útflutningsgjald ber að greiða eptir 1. gr. laga 4. nóvbr. 1881, um útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., af öllum þeim fiski, sem útfluttur er frá skipum, sem taka stöðvar í landhelgi til bátaveiða, og af því að fiskiveiðar þær, sem um getur í brjefi fjelagsins, eru eptir þeim skýrslum, er ráðaneytið hefir fyrir sjer, reknar með bátum (dorium) frá fiskiskipum, sem í því skyni taka stöðvar í landhelgi, en það er þýðingarlaust atriði, hvort fiskurinn er veiddur í landhelgi eða ekki. Annars er fjelaginu innan handar að leita úrskurðar dómstólanna um umrætt atriði.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um sölu á lóð af Arnarhólstúni. — Með brjefi, dagsettu 24. ágúst f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um, að stjórninni veitist heimild til að selja lóð af Arnarhólstúni í Reykjavík, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt var af alþingi síðastliðið sumar.

Í lögum þessum er stjórninni veitt heimild til að selja konsúlsfrú Vídalín fyrir 850 kr. í minnsta lagi, og með öðrum tilteknum kjörum, lóð af Arnarhólstúni, sem landsjóður á, og landshöfðingjaembættinu fylgir sem ábyli. Er lóð þessi, hið svo nefnda »batteri«, við sjóinn. Hafið þjer, um leið og þjer senduð lagafrumvarpið hingað, mælt með því, að það yrði lagt til, að það öðlist allra hæsta staðfesting. Bæði meðan alþingi hafði frumvarpið til meðferðar og eptir að það var samþykkt, kom í ljós megn óánægja meðal borgara Reykjavíkur með hina fyrirhuguðu afhending lóðarinnar, með því að talið var að hún kæmi mjög í bága við hagsmuni bæjarfjelagsins. Því hefir bæjarstjórn Reykjavíkur í erindi því til ráðaneytisins, sem fylgdi með brjefi yðar frá 5. desbr. f. á., látið þá ósk í ljósi, að bærinn fái, án þess undan sje tekin lóð sú, er ræðir um í umgetnu frumvarpi, ráð yfir öllum norðurhluta Arnarhólstúns, þeim er getur um í lagafrumvarpi því, er alþingi samþykkti samtíma og í dag er orðið að lögum. Lætur bæjarstjórnin í ljósi með skírskotun til yfirlýsinga frá íslenzkum ingeniörum, að hætta sje á því, að afhending beint þessarar lóðarspildu í hendur einstaks manns, muni standa hafnarmálum Reykjavíkur fyrir þrifum, en þau málefni hljóti að liggja bænum mjög á hjarta.

25. dag septembermánaðar 1900.

Reykjavík — Ísafoldarprentsmiðja.

76

21. júní

Þótt ráðaneytið geti eigi eptir hinum framkomnu upplýsingum með neinni vissu dæmt um það, hvort hinn umtalaði ótti er á rökum byggður, hefir ráðaneytið orðið að telja það óráðlegt, að frumvarp þetta yrði að lögum, þegar af þeirri ástæðu, að það er eigi nægilega sannað, að hin umrædda afhending, er eigi er af atriði fyrir almennings hag, geti fram farið, án þess að standa hagsmunum bæjarins fyrir þrifum. Fari svo, að það eptir nánari upplýsingar komi í ljós, að ekkert sje hinni umræddu afhendingu til fyrirstöðu, þá mun ráðaneytið, þrátt fyrir lögin um afhending norðurhluta Arnarhólstúns, með því að lög þessi eru að eins heimildarlög, hafa í hendi sinni að beita lögum þessum þannig, að hægt verði að taka tillit til laga í sömu átt, sem hjer ræðir um, ef slík ósk kynni að koma frá næsta alþingi, eptir að fram eru komnar þær upplýsingar, sem nú eru fyrir hendi.

Ráðaneytið hefir því í allraþegnsámlegustum tillögum sínum ráðið til þess, að umrætt lagafrumvarp öðlist eigi allrahæsta staðfesting. Þessar tillögur hefir hans hátign konunginum í dag allramildilegast þóknast að fallast á.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt báðum ofanefndum brjefum yðar.

Brjef landshöfðingja 24. ágúst 1899.

Eptir fyrirlagi hins háa ráðaneytis í hæstvirtu brjefi, dagsettu 27. f. m., hefi jeg tilkynnt Jóni Vídalín brezkum konsúl í Reykjavík, að ráðaneytið hikaði sjer við að leyfa án lagaheimildar sölu þá, er lagt er til um í brjefi mínu frá 19. júní þ. á., á byggingarlóð, 4450 □ álna., á jörð þeirri, er landshöfðingjaembættinu fylgir. Þvínæst hefir Vídalín konsúll komið því til leiðar, að borið hefir verið upp á alþingi af þingmanna hálfu lagafrumvarp er heimilar stjórninni að selja konu hans, sem eptir kaupmála þeirra í milli á sjer-eign, lóð úr Arnarhólstúni í Reykjavík, 5000 □ álnir að stærð, fyrir minnst 850 kr., og með því skilyrði, að kaupandinn sljetti jafnstórt svæði í túni því, sem fylgir embættisbústað landshöfðingja. Þetta lagafrumvarp hefir þingið samþykkt eptir löglega meðferð með miklum meiri hluta í báðum deildum.

Jafnframt því að senda hjermeð hið nefnda lagafrumvarp bæði í búningi þeim, er það kom í frá þinginu og í danskri þýðingu, skal jeg með skírskotun til þess, sem jeg hefi tekið fram í brjefi mínu frá 19. júní þ. á. leyfa mjer lotningarfyllst að leggja það til, að mælt verði með því, að hið umrædda lagafrumvarp öðlist allrahæsta staðfesting.

Brjef landshöfðingja 5. desbr. 1899.

Hjer með leyfi eg mjer að senda hinu háa ráðaneyti hjálagt erindi með fylgiskjöllum, þar sem bæjarfógetinn í Reykjavík fyrir hönd bæjarstjórnarinnar fer þess á leit, að lagt verði til að lagafrumvarp það, sem samþykkt var á síðasta alþingi um leyfi til vegarlagningar um Arnarhólstún í Reykjavík, nái allrahæstri staðfesting, og að umráð þau, sem kaupstaðnum eru heimiluð í umræddu lagafrumvarpi yfir húsalóðum á norðurhluta nefnds túns, megí haldast óskert. Ennfremur fylgir hjermeð brjef frá bæjarfulltrúa J. Jónassen landlækni um sama málefni. Í sambandi hjervíð skal jeg láta mjer nægja að vísa lotningarfyllst til ummæla minna bæði í brjefi mínu 19. oktbr. f. á. um nefnt lagafrumvarp og í brjefi 24. ágúst s. á. um lagafrumvarp það, er samþykkt var á síðasta alþingi um heimild fyrir stjórnina til að selja lóð af Arnarhólstúni.